

3. fundur veitustjórnar haldinn föstudaginn 2. nóvember 2018 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 14:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Elsa Ingjaldsdóttir, Bogi Pétur Eiríksson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Kaup á bifreið.

Hannibal fór yfir meðfylgjandi þarfagreiningu vegna tillögu um að Hitaveita Flúða kaupi öfluga fjórhóladrifs bifreið með útbúnaði til geymslu áhalda vegna verkefna Hitaveitunnar og sveitarfélagsins. Þá liggja einnig fyrir tilboð vegna fjögurra bifreiða sem koma til greina í verkefnið. Veitustjórn samþykkir að ganga að tilboði Bifreiðaumboðsins Heklu við kaup á bíl að fjárhæð kr. 8,2 millj. með VSK enda er svigrúm í núgildandi fjárhagsáætlun til kaupanna. Veitustjóra falið að ganga frá kaupunum.

2. Skoðunarferð.

Veitstjórn fór að fundi loknum í ráðhúsinu í skoðunarferð í dælustöðvar o.fl. sem tengist rekstri veitnanna.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 16:00.